


Um COVID-göngudeildina á Landspítala Tekið saman í nóvember 2021

Forsaga

Í upphafi fyrstu bylgju COVID-19 á Íslandi í mars 2020 var sá háttur hafður á að tilkynna fólki um að það hefði smitast af veirunni sem veldur COVID-19 sjúkdómnum með símtali, ásamt því að rekja smitin. Í fyrstu sáu smitsjúkdómalæknar Landspítala um þessi símtöl en þar sem smitum fjölgaði mjög hratt var nauðsynlegt að fá fleiri inn í þessa vinnu (mynd 1).



Mynd 1. Fjöldi daglegra smita í fyrstu bylgju COVID-19.

Fjöldi starfsmanna Landspítala lenti í sóttkví sem á þessum tíma var 14 dagar og þá kviknaði sú hugmynd að fá lækna og hjúkrunarfræðinga úr þeim hópi til að hringja í nýgreinda. Það gekk mjög vel en eðlilega hætti þessi hópur að hringja um leið og hann losnaði úr sóttkví og sneri aftur til starfa. Þá varð ljóst að meiri samfellu þurfti í þessa þjónustu og hún óx og þróaðist mjög hratt. Það kom í ljós að í flestum tilfellum var ekki nóg að hringja einu sinni og tilkynna um smit heldur reyndist nauðsynlegt að fylgja fólki vel eftir. Kom þar margt til s.s. að um nýjan sjúkdóm var að ræða sem ekki var til þekking á hvernig hegðaði sér. Fólk var líka margt hvert skelkað og þurfti þann stuðning sem símtölin fólu í sér til að geta tekist á við veikindin heima hjá sér í stað þess að leita á bráðamóttöku. Þá leiddu símtölin oft í ljós þá hröðu versnun sem einkennir sjúkdóminn og þurfti stundum að hafa hraðar hendur að senda sjúkrahól heim til fólks til að sækja það og leggja inn á spítala.

Frá upphafi var lögð áhersla á að fólk með möguleg einkenni COVID-19 kæmi ekki ótilkynnt inn á bráðamóttökur, heilsugæslustöðvar og aðrar heilbrigðisstofnanir. Þetta tókst allvel vegna símaeftirlitsins. Hefði það ekki verið til staðar er viðbúið að mikill fjöldi hefði leitað til þessara stofnana og mögulega dreift smiti þar á biðstofum og í meðferðarrýmum ásamt því að valda miklu álagi þar.

Fljótlega kom í ljós þörf fyrir að geta kallað fólk inn til skoðunar og meðferðar. Fyrst voru settir upp gámar fyrir utan bráðamóttökuna til að geta tekið þar á móti COVID-smituðum. Þegar sú aðstaða dugði ekki til var útbúin aðstaða í gömlu barnaheimili (Birkiborg) á lóð Landspítala í Fossvogi. Þar er hægt að mæla lífsmörk og framkvæma líkamsskoðun, taka blóðsýni, röntgenmyndir, gera göngupróf til að meta súrefnisbúskap, gefa vökva í æð og ýmis lyf til að meðhöndla einkenni og fylgikvilla, s.s. ógleði, bakteríusýkingar og verki. Nú eru einnig gefin einstofna mótefni og veirulyf á göngudeildinni.

Þróun þjónustunnar

Meðfram því að þessi þjónusta þróaðist í takti við vaxandi þekkingu og reynslu þeirra sem stýrðu henni og veittu hafa orðið margvíslega breytingar á símaþjónustu við COVID-smitaða. Nú eru allir smitaðir á landinu á hverjum tíma í eftirliti hjá göngudeildinni og fá símtöl eftir tilteknum skilmerkjum. Eftir því sem þekkingu hefur undið fram hafa þessi skilmerki breyst. Þá hefur verið lögð mikil vinna í að þróa áhættumat til að auðkenna fljótt þá sem eru líklegir til að veikjast mikið. Einnig er stöðugt verið að innleiða rafrænar lausnir þar sem fólkíð sjálf fyllir inn spurningalista sem það fær sent í Heilsuveru ásamt fræðsluefni. Fagfólkið fer yfir svörin og metur ásamt sjálfvirku áhættumati hvenær og hversu oft er rétt að hringja í hvern og einn. Þeir sem finna lítið fyrir sýkingunni og eru hraustir fyrir þurfa í flestum tilfellum færri símtöl, en þeir þurfa að vita hvert þeir eiga að snúa sér ef líðan versnar. Það er þó ekki algilt að einkennalitlir þurfi færri símtöl því fólk glímir við ýmis konar aðrar áskoranir s.s. kvíða, þunglyndi og önnur heilsufarsvandamál sem geta versnað við þessar kringumstæður.

Starfsfólk símaversins hefur aðgang að sérfræðingum á öllum sviðum. Það hefur aðgang að fagfólki í geðheilbrigðisþjónustu, meðgönguvernd og fæðingarþjónustu, barnalækningum og hjúkrun auk allra annarra fagstétta og sérgreina sem kunna að þurfa að koma að umönnun COVID-sjúklings í heimaeinangrun. Þeir sem sjá um úthringingar eru læknar og hjúkrunarfræðingar. Hluti hópsins er byrjaður að taka eftirlaun og er ekki að ganga vaktir á spítalanum. Hluti er venjulega í öðrum störfum og myndi að öllu jöfnu ekki taka vaktir á COVID-deildum og hluti er að hringja meðfram öðrum störfum sínum á spítalanum eða annars staðar á landinu s.s. á Akureyri. Sem dæmi má nefna að þegar um 1700 manns eru í símaeftirliti eru hringd á bilinu 300-500 símtöl á dag.

Við tiltekin skilmerki um versnandi líðan og/eða áhyggjur er viðkomandi kallaður til skoðunar hjá hjúkrunarfræðingum og læknum í göngudeildinni í Fossvogi (5-15 manns á dag). Þar er hægt að gera rannsóknir og veita meðferð sem í flestum tilfellum leiðir til þess að viðkomandi getur farið aftur heim. Stundum þarf að leggja fólk beint inn af göngudeildinni og stundum kemur fólk nokkra daga í röð til endurmats og meðferðar, t.d. vökvagjafar (mynd 2).

Göngudeildin í Birkiborg sér einnig um sýnatökur, meðhöndlun vafasvara og að kalla fólk inn til mótefnamælinga þegar vafi leikur á niðurstöðum sýnatöku.


Þessi göngudeildarstarfsemi er frumkvöðlastarf sem hefur þróast og þroskast á þeim tæpu tveimur árum sem liðin eru frá því faraldurinn skall á. Það er enginn vafi að þessi nálgun, sem er að mörgu leyti einstök á heimsvísu, hefur forðað tugum ef ekki hundruðum innlagna. Ef hún hefði ekki verið sett á laggirnar þarna á örfáum sólarhringum í mars 2020 þá hefði spítalinn yfirfyllt af veiku fólki og heilbrigðiskerfið væntanlega farið á hliðina.

Fyrirkomulagið var nokkurn veginn óbreytt í annarri og þriðju. bylgju enda bólusetningar ekki komnar til á þeim tíma. Það var svo í fjórðu. Bylgju, sem hófst 1. júlí 2021, að tvennt nýtt gerðist sem kallaði á endurskoðun á nálgun og vinnubrögðum. Í fyrsta lagi varð fjöldi einstaklinga í símaeftirliti meiri en nokkru sinni fyrr og hlutfallslega mun fleiri voru einkennalitlir vegna áhrifa bólusetningar. Í öðru lagi fjölgaði mjög í hópi smitaðra barna en þau verða sjaldan mikið veik. Því hefur verið farin sú leið í

sívaðandi mæli að senda foreldrum fræðsluefni um umönnun barna með COVID-19 í Heilsuveru og gefa þeim upplýsingar um hvert þau geti snúið sér ef ástandið versnar í stað þess að hringja í þennan hóp með reglulegum hætti. Úthringingar til fullorðinna eru sömuleiðis skilgreindar á grunni áhættumats sem er í stöðugri þróun og hefur ágætt forspárgildi um líkur á miklum veikindum og þörf fyrir sjúkrahúsinnlögn.

Niðurlag

COVID-göngudeildin hefur í huga þeirra sem gerst þekkja til þessara mála á Landspítala verið einn af hornsteinum COVID-viðbragðs spítalans. Hugmyndafræðin á bak við hana er að hjálpa fólki með öllum ráðum til að vera heima og takast á við sjúkdóminn sjálfst með faglegum stuðningi en grípa fljótt inn í versnandi ástand með meðferð á göngudeild eða innlögn á spítala. Göngudeildarstarfsemi er almennt að færast í þessa átt og mun gera það í vaxandi mæli á næstu mánuðum og árum. Það er fagnaðarefni enda eiga sjúkrahúsinnlagnir aðeins að eiga sér stað þegar veikindi eru þess eðlis að viðkomandi er ekki öruggur heima.



Mynd 2. Fjöldi koma á COVID-göngudeild til mats og meðferðar.